



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Barnaheimilið Ós

2024 – 2025



Samvera leikur og gleði

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag

Efnisyfirlit

1	Leiðarljós leikskólans.....	3
1.1	Einkunnarorð og hornsteinar	3
1.1.1	Einkunnarorð	3
1.1.2	Hornsteinar.....	3
2	Greinargerð leikskólastjóra	4
3	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024.....	6
4	Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025	8
5	Innra mat yngri kjarna, Hreiðurs og Lóukjarna	10
6	Innra mat eldri kjarna, Kríu og Krummakjarna	11
7	Innra mat sérkennslu	12
8	Starfspróunarsamtöl og fræðsla	13
9	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	13
10	Foreldrasamvinna.....	13
11	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	13
12	Fylgiskjal, umsögn foreldraráðs.....	15



1 Leiðarljós leikskólans

1.1 Einkunnarorð og hornsteinar


Einkunnarorð okkar lýsa foreldrasamstarfinu mjög vel og hornsteinarnir svo faglega starfinu.

Einnig endurspegla einkunnarorðin faglega starfið því að lærum við á lífið og tilveruna og öðlumst færni lang best í gegnum samveru, leik og gleði.

1.1.1 Einkunnarorð

Samvera, leikur og gleði

1.1.2 Hornsteinar



2 Greinargerð leikskólastjóra

Eftir sjö ár á Skerplugötunni eru enn og aftur tímamót á Ósi. Ný námskrá var keyrð í gegn í fyrsta skipti og fékk starfsfólkið að finna í almennilega fyrir stefnu Ós í sínu starfi. Það voru ýmsir þættir sem voru ræddir sem að við viljum bæta og breyta og gerum við ráð fyrir því að það starf haldi eitthvað áfram næstu misseri enda er það okkar skoðun að námskrá eigi að vera lifandi plagg.

Það var ánægjulegt að nýju lögin sem varða Aðalnámskrána og sett voru á síðasta ári rýma vel við það sem við erum að vinna með á Ósi og fannst okkur gott að vita að við erum á réttri leið samkvæmt menntamálayfirvöldum þó svo að við höfum alltaf vitað það í okkar hjörtum. Fagfólk skólans hefur lagt mikið á sig í krefjandi umhverfi til þess að koma faglegum áherslum í virkt ferli en mikil veikindi starfsfólks hafa sett stórt strik í reikninginn. Við finnum þó alltaf fyrir árangri sem að hefur blásið okkur byr í brjóst og samheldni starfsfólks hefur aukist til muna sem að er afar ánægjulegt að segja frá og gerir lífið og starfið á Ósi gott og skemmtilegt.

Gróðurhúsið sem við fengum á síðasta ári hefur heldur betur verið notað og voru ræktaðir tómatar og radísur einnig voru gerðar tilraunir með allskonar kál og baunir. Þetta er yndisleg viðbót við kartöflugarðinn, berjarunnana og kryddjurtagarðinn og er því kominn grunnur að frábærri sjálfbærnistefnu á Ósi þar sem börnin upplifa gæði og ánægjuna af sjálfbærni á eigin skinni.



og

Nýr leikskólastjóri mun taka við Ósi í ágúst og er það hún Hulda Jóhannsdóttir fyrrverandi leikskólastjóri Heilsuleikskólans Króks í Grindavík. Mikil tilhlökkun og spenna er í hópnum fyrir næstu ævintýrum á Ósi og er ég viss um að nýir og góðir tímar séu í vændum.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka öllum þeim sem að ég hef starfað með þessi ár mín á Ósi kærlega fyrir samstarfið og samveruna. Þetta er búið að vera ótrúlegt ævintýri en ég finn að tími sé komin til að breyta til og þá er gott að nýr leikskólastjóri taki við.

Ég hef fulla trú á tilgangi og mikilvægi sjálfstætt rekinna leikskóla. Innan þessara skóla er öðruvísi andrúmsloft sem að leiðir til aukinnar gerjunar í leikskólaheiminum en það er einmitt svo dýmætt. Það er mikilvægt að hið opinbera styðji börnin á þessum leikskólum til



jafns á við börn í almennum leikskólum. Þannig ná þessir skólar að halda áfram sínu mikilvæga starfi og skila þekkingu og aukinni flóru inn í leikskólalífið í landinu. Það að Ós sé einnig fjölskyldurekinn og sá eini á landinu eykur einnig á mikilvægi hans og ber okkur sem að komu að honum að halda áfram að þróa og styðja við þetta mikilvæga samstarf sem að er á milli heimila Óss og leikskólans. Það er alltaf að koma meira í ljós hversu mikilvægt þetta samstarf er og Ós í kjör aðstæðum til þess að sýna fram á árangur af þessu starfi og tala nú ekki um ánægjuna sem fylgir.



3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Sjálfsprottni leikurinn. Þekking starfsfólks.	Á fundum og í samtölum	Leikskólastjóri stjórnaði umræðum og samtölum	Starfsfólk Óss er að gera sér grein fyrir mikilvægi sjálfs.l. Þau eru orðin öruggari um hlutverk sitt en enn er eitthvað í land og niðurstaða mín er að skortur á fagfólki sé ein af ástæðum þess að þetta hefur tekið svona langan tíma. Halda þarf áfram að fræða starfsfólk um mikilvægi sjálfsprottna leiksins.
Könnunaraðferðin. Þekking starfsfólks	Á fundum og með athugunum	Leikskólastjóri	Nokkur verkefni sem studdust við könnunaraðferðina kláruðust í vetur og gengu þau mjög vel. Nú þarf að halda vitneskjunni í hópnum og fá fleira starfsfólk með.



<p>Skráning</p>	<p>Á fundum og með athugunum.</p>	<p>Leikskólastjóri</p>	<p>Ekki tókst að fá virka skráningu í gegn. En starfsfólk orðið meðvitaðra um tilgang og mikilvægi og með því að þrískipta skráningunni virtust þau einnig átta sig betur á því hvernig best væri að framkvæma hana. Halda þarf þessu atriði að s.f. og minna á mikilvægi. Einnig finna leiðir til þess að auðvelda</p>
------------------------	-----------------------------------	------------------------	---



4 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ TUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safnagögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Ný stjórn og nýr leikskólastjóri	Kynnast hvort öðru, skólanum, starfinu og sérstöðu skólans	Samhæfing fer fram á fundum.	Leikskólastjóri og stjórn	Ágúst 24	Maí 25	Nýr leikskólastjóri mun ráða hvernig og hvenær.	
Fundatímar og fjöldi endurskoðaður						Nýr leikskólastjóri gerir áætlun	
Uppeldis- og menntastarf							



Endurnýja námskrána	Aðlaga skólanámskrána að nýjum lögum	Farið eftir leiðbeiningum Reykjavíkurborgar	Stjórnunarteymi Óss og stjórn	?	?	Nýr leikskólastjóri mun líklegast stjórna þessu ferli eins og henni þykir best.	
Mannauður/ Leikskólabragur							
Starfsaðstaðan	Hvernig má bæta aðstöðuna	Kaffistofan og skrifstofur	Leikskólastjóri og skrifstofa			Nýr leikskólastjóri gerir áætlun	
Innra mat							
Virkja innra matið						Nýr leikskólastjóri gerir áætlun	



5 Innra mat yngri kjarna, Hreiðurs og Lóukjarna

UMBÓTAPÁTTUR/ R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Efla málþroska og málörvun	Að finna út hvernig málrækt verði virkur hluti af starfi kjarnans og festi í sessi.	Afla sér upplýsinga og finna út hvað hentar kjarnanum best.	Leikskól og kjarnastjóri	Ágúst 24	Maí 25		Upplýsingar og viðmið Miðstöðvar máls og læsis



6 Innra mat eldri kjarna, Kríu og Krummakjarna

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmt um við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Meta hvernig unnið er eftir námskrá	Vinna að því að allt starfsfólk eldri kjarna sé meðvitað um gildi námskrár og vinni markvist eftir henni inni á kjarna.	Farið yfir málin á kjarnafundum og í deginum. Skráning	Kjarnastjóri, hópstjórar og leikskólustjóri	Nóv 24	Mars 25	Kjarnastjóri kynnr efni námskrár fyrir starfsfólki kjarnans og velur hvaða efni er tekið fyrir hverju sinni	Að allt starfsfólk sé meðvitað um gildi námskrár og nái að nýta hana í starfi.
Skráning	Efla skráningu á kjarnanum	Fara vel yfir þrískiptingu skráningar, finna öruggan stað til þess að vista og geyma skráningar eða koma þeim fyrir á viðeigandi stað.	Kjarnastjórar og leikskólustjóri			Farið yfir tilgang og mikilvægi skráningar með öllu stafsólki og farið yfir hvað hefur verið skráð á fundum.	Stefna leikskólans varðandi skráningu og Aðalnámskrá



7 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

<p>Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Efla þarf allt starfsfólk í að taka 10. Einnig þarf að efla skráningu.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	
<p>Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Við um ára
Taka 10		Efla starfsfólk og kynna betur aðferðafræðina	Kjarnastjórar Leikskólastjóri				
Skráning	Kynna atferlisskráningu fyrir starfsfólki	Aðstoða starfsfólk og útvera eyðublöð.	Kjarnastjórar				



8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsfólk Óss stefnir á fræðsluferð á vormánuðum. Annars aðstoðar leikskólinn það starfsfólk sem velur að fara í nám sem nýtist við kennslu með ýmsum ráðum. Önnur fræðsla fer fram á starfsmannafundum.

Skyndihjálpanámskeið er haldið annaðhvort ár og var hún Herdís Storgaard með námskeið fyrir okkur í mars á þessu ári.

9 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Ós er í samstarfi við Háskóla Íslands og fáum við að koma í íþróttahúsið til þeirra einu sinni í viku.

Einnig er það alltaf stefna Óss og leikskólans Skerjagarðs að hefja samstarf og höldum við ennþá í þá von.

Útskriftarhópur fer í heimsókn í alla þá skóla sem að börnin ætla að hefja grunnskólagöngu.

10 Foreldrasamvinna

Ós er foreldrarekinn skóli. Foreldrar taka virkan þátt í starfi skólans með ýmsu móti.

Foreldrafundir eru átta sinnum á ári og eru þar teknar ýmsar ákvarðanir varðandi málefni skólans. Þessi mál varða allt frá samveru og partístandi Ósara til faglegra ákvarðana sem teknar eru í samvinnu við og undir handleiðslu fagfólks skólans. Tvisvar sinnum á ári eru vinnudagar á Ósi en þá koma foreldrar og gera ýmis verk sem að gagnast starfi leikskólans, börnum og starfsfólki. Foreldrar sjá einnig um að ná í jólatré, púkagleði á þrettándanum og sumarhátíðina á Ósi. Einnig eru ýmis verkefni sem að foreldrar taka að sér eins og að sjá um tölvumál skólans, vaska upp í eldhúsinu ef þarf og sjá um matjurtargarðinn.

Ekki fór neitt skipulagt mat á foreldrastarfinu fram síðasta leikskólaár en það voru nánast hrein stjórnarskipti á árinu. Stefnt er að mati næsta leikskólaár.

11 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Nýr leikskólastjóri mun senda ykkur upplýsingar um starfsdaga þegar hún hefur skipulagt veturinn með starfsfólkinu. Þá mun einnig leikskóladagatalið fylgja.



F. h. leikskólans Barnaheimilisins Óss

Sigrún Eirískdóttir
fráfarandi leikskólastjóri Óss

Reykjavík Júlí 2024

Leikskólastjóri

Dagsetning



Starfsáætlun 2024 – 2025
Barnaheimilið
Ós



Umsögn foreldraráðs

Við viljum byrja á að þakka Sigrúnu fyrir viðburðaríkt og skemmtilegt skólaár og öll árin þar á undan. Hún hefur klárað ýmis mikilvæg verkefni í skólanum og fyllt börnin eldmóði og erum við henni ævinlega þakklát. Þó er ýmislegt sem enn þarf að vinna að, svo sem breytingar á starfsaðstöðu og viðvera starfsfólks, og hlökkum við til að takast á við þau verkefni með Huldu.

Við viljum ítreka orð Sigrúnar um mikilvægi þess að hið opinbera styðji börn á einkareknum leikskólum til jafns við börn í almennum leikskólum. Til viðbótar við þau mikilvægu atriði sem hún nefnir þá bendum við á að rekstur einkarekinna leiksóla léttir á sveitarfélögunum þar sem þau þurfa ekki að skaffa pláss fyrir börn á þeim leikskólum og því vonum við að stuðningurinn sé sjálfsagður og velkominn. Einnig finnst okkur umræða Sigrúnar um skort á faglærðu starfsfólki mikilvæg en það er okkar mat að fjölgun á menntuðum kennurum/leikskólaliðum og íslenskumælandi starfsfólki sé nauðsynleg fyrir Ós. Með því að fjölga í þeim hópi teljum við að umbótaþættir sem taldir eru upp í skýrslunni muni ganga mun betur og hraðar fyrir sig og þar af leiðandi auka ánægju barnanna okkar.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Auður Guðjónsdóttir

Ásbjörg Einarsdóttir

Gunnar Ingi Magnússon

Hildur Alexandersdóttir

Katrín Helena Jónsdóttir

Undirskrift umsagnaraðila

Ásbjörg Einarsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



